

Nd.

140. Breytingartillögur

[95. mál]

við frv. til vegalaga.

Frá samgöngumálanefnd.

1. Við 1. gr.
 - a. Orðið „bifreiðastæði“ í 2. mgr. falli niður.
 - b. Orðin „í beinu sambandi við vegi“ í 3. mgr. falli niður.
2. Við 9. gr.
 - a. Orðin „bæjar- eða“ í háðum mgr. falli niður.
 - b. Á eftir orðunum „samkv. reglugerð“ í 1. mgr. komi: sbr. 30. gr.
3. Við 10. gr. Greinin orðist svo:

Vegamálastjóri semur tillögur að vegáætlun fyrir þjóðvegi, aðalfjallvegi og aðra fjallvegi til fjögurra ára í senn til leiðbeiningar um skiptingu þess fjár, sem til ráðstöfunar er hverju sinni til vegagerðar. Skal áætlunin annars vegar gera grein fyrir þeim framkvæmdum, sem fyrirhugaðar eru á tímabilinu, en hins vegar þeirri fjáröflun, sem gert er ráð fyrir vegna þeirra.

4. Við 11. gr.
 - a. 1. másl. 1. mgr. orðist svo:
Í vegáætlun skulu taldir allir þjóðvegir, svo og nýbyggingar þjóðvega á þeim tíma, sem áætluninni er ætlað að gilda.
 - b. Síðari másl. 2. mgr. falli niður.
5. Við 12. gr. Síðasta mgr. orðist svo:
Landsbraut: Vegur, sem er minnst 2 km langur frá vegamótum og nær a. m. k. til þriggja býla, þannig að hann nái að þriðja býli frá vegar-enda. Víkja skal frá þessari reglu, ef um er að ræða kirkjustað, opinberan skóla eða heilsuhæli, fullgerð orkuver, kauptún með færri en 300 íbúa eða tengiveg milli aðalleiða. Sömulleiðis má þar, sem aðalfjallvegur liggur upp úr byggð, telja landsbraut að innsta býli.
6. Við 14. gr. Greinin orðist svo:
Leggja skal fyrir sameinað Alþingi tillögu til þingsályktunar um vegáætlun samkv. 10. gr., samtímis frv. til fjárlaga. Sama gildir um tillögur til þings-ályktunar um endurskoðun vegáætlunar, sbr. 15. gr.
Vegáætlun öðlast gildi, þegar Alþingi hefur samþykkt hana.
7. Við 15. gr. Greinin orðist svo:
Í upphafi hvers reglulegs Alþingis skal ráðherra leggja fyrir þingið skýrslu um framkvæmd vegáætlunar.
Ráðherra skal hlutast til um, að endurskoðun áætlunarinnar fari fram á Alþingi á tveggja ára fresti.
8. Við 16. gr. Greinin orðist svo:
Heimilt skal ráðherra að ákveða að fengnum meðmælum vegamálastjóra, að ráðizt skuli í framkvæmdir, sem ekki er gert ráð fyrir í vegáætlun, ef til hefur komið tjón á vegum, t. d. vegna vatnavaxta, eldgosa eða annarra náttúru- hamfara.
9. Við 17. gr. Í stað orðanna „fimm ára“ komi: fjögurra ára — og í stað orðanna „þrjú ár“ komi: tvö ár.
10. Við 19. gr. Við 2. mgr. bætist: nema götur í þorpum með færri en 300 íbúa.
11. Við 22. gr. Niðurlag greinarinnar frá og með orðunum „og skal hreppsnefndar-oddviti“ falli niður.
12. Við 23. gr. Á eftir orðunum „og aðrir“ í 1. mgr. komi: íbúar hreppsins.
13. Við 24. gr. Á eftir orðinu „þinghús“ komi: félagsheimili.
14. Við 25. gr. Aftan við greinina bætist: eftir ákvörðun sýslunefndar.
15. Við 26. gr.
 - a. Í stað orðsins „verzlunarstöðum“ komi: kauptúnum.
 - b. Í stað orðanna „hálfur vegaskatturinn“ komi: helmingur sýsluvegasjóðs- gjalda.
16. Við 28. gr.
 - a. Á eftir orðunum „skal árlega veita“ í 1. mgr. komi: til sýsluvega.
 - b. 1. másl. 2. mgr. orðist svo:
Vegamálastjóri annast skiptingu á framlagi ríkissjóðs samkv. 1. mgr. eftir reglugerð, sem ráðherra setur.
17. Við 29. gr. Í stað orðanna „Bæjarstjórn eða hreppsnefnd“ í 2. mgr. komi: Sveitarstjórn.
18. Við 32. gr.
 - a. Á eftir 2. mgr. komi ný mgr., svo hljóðandi:
Greiða má af hluta sveitarfélags kostnað vegna kaupa á fasteignum í þágu þjóðvegjar samkv. þessum kafla laganna.
 - b. Í stað orðanna „til almennrar gatnagerðar“ komi: til annarrar varanlegrar gatnagerðar.

19. Við 44. gr. 2. mgr. orðist svo:
Fjallvegir, sem tengja saman landshluta, nefnast aðalfjallvegir og skulu taldir sérstaklega í vegáætlun samkv. 10. gr.
20. Við 46. gr. Í stað orðanna „er heimilt að“ komi: skal.
21. Við 59. gr. Aftan við greinina bætist ný mgr., svo hljóðandi:
Veghaldari skal jafnan leitast við að valda sem minnstum spjöllum á gróðri við vegagerð og græða upp sár, sem myndast á grónu landi við vegaframkvæmdir.
22. Við 60. gr. Síðasti másl. falli niður.
23. Við 80. gr. Á undan orðunum „á einum stað“ í 1. mgr. komi: a. m. k.
24. Við 83. gr. Orðin „af ásettu ráði“ í 1. mgr. falli niður.
25. Við 84. gr. Orðin „við alfaraveg“ falli niður.
26. Við 88. gr. Á eftir orðunum „hlutaðeigandi skattstjóra“ í 2. mgr. komi: eða umboðsmanni hans.
27. Ákvæði til bráðabirgða orðist svo:
Svo fljótt sem auðið er eftir gildistöku laga þessara, skal leggja fyrir Alþingi tillögu til bráðabirgða vegáætlunar, er gildi fyrir árið 1964.
Framkvæmdaáætlanir fyrir sýsluvegi samkv. 17. gr. laga þessara skulu einnig gerðar til bráðabirgða fyrir árið 1964.
Fyrir reglulegt Alþingi haustið 1964 skal leggja tillögu til vegáætlunar samkv. III. kafla laga þessara og nái hún yfir árin 1965—1968.
Framkvæmdaáætlanir fyrir sýsluvegi 1965—1968 skulu gerðar fyrir 1. júlí 1965.
Enginn vegur skal falla úr þjóðvegatölu næstu 5 ár eftir gildistöku laga þessara, nema nýr vegur hafi komið í stað gamals.